

Samkomulag

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) fyrir hönd útgerðar Skinneyjar SF-20, skipaskrátnúmer 2732 annars vegar og AFL Starfsgreinafélag, Félags skipstjórnarmanna og VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna hins végars, gera með sér svohljóðandi samkomulag um frávik frá hafnar- og helgarfríum skipsins við humarveiðar á tímabilinu frá 15. mars til 2. september 2018 og um fjölda skipverja á hverja stöðu um bord á framangreindu tímabili:

1. Aðilar eru sammála um að hafnar- og helgarfrí á Skinney SF-20 verði tekin í frítúrum þannig að á milli veiðiferða stoppi skipið aðeins þann tíma sem tekur að landa úr því og gera það klárt fyrir næstu veiðiferð svo fremi að önnur atvik hamli ekki brottför þess svo sem bilun, veður o.p.h. Innivera skal þó aldrei vera skemmmri tími en 6 klst. Fastir löndunardagar skulu ákveðnir í samráði við áhöfn fyrir allt tímabilið áður en veiðar skipsins hefjast þann 15. mars 2018. Heimilt er að landa oftar en á föstum löndunardögum, en ávallt skal jafnframt landað á föstu löndunardögunum vegna áhafnaskipta. Skipverjar skulu eiga fri við löndun.
2. Á skipinu verða 3 skipverjar um hverjar tvær stöður, þannig að hver skipverji skilar að jafnaði 20 sjóðögum í mánuði og á fri i 10 daga. Samhliða verður tekið upp jafnaðarlaunakerfi, þannig að skipverjar fá 2/3 hlut (jafnaðarhlut m.v. stöðu hverju sinni) hvort sem þeir eru á sjó eða í fríi. Skipverjar skulu eiga rétt á orlofi skv. kjarasamningi og lögum um töku orlofs. Greiða skal starfsaldursálag, og fastar mánaðargreiðslur m.v. fullan mánuð enda hafi skipverji tekið hafnarfrí í frítúrum eins og gert er ráð fyrir í samkomulagi þessu. Löndunartími og innivera skv. lið 1 telst hluti af útivistartíma skipsins við mat á vinnuskyldu. Skipverjum er heimilt að skipta innbyrðis á fríum eftir því sem hentar hverjum og einum án þess að það raski jafnaðarhlut hvers og eins.
3. Komi til þess að ekki fiskist fyrir kauptryggingu innan mánaðar skal greiða hverjum skipverja kauptryggingu miðað við fullan mánuð enda hafi viðvera skipverjans verið í samræmi við samkomulag þetta.
4. Skiptimannakerfi þetta hefur engin áhrif á rétt skipverja til að eiga fri um sjómannahadag sbr. ákvæði almennu kjarasamninganna um fri um sjómannahadagshelgina.
5. Sé skip utan heimahafnar þegar skipverjar eru að fara í fri eða að koma úr fríi skal útgerðin greiða ferðakostnað og upphald til og frá heimahöfn skipsins sbr. almenn ákvæði kjarasamninga um greiðslur útgerðar til skipverja þegar skip er utan heimahafnar þess.

JPS
GT

Samkomulag þetta gildir frá 15. mars til 2. september 2018 og fellur þá úr gildi án uppsagnar. Jafnframt fellur samningurinn strax úr gildi ef ákvæði 1. tölulíðar um fasta löndunardaga er ekki vift.

Grindavík 28.júní 2018

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi,

Gutta Í Ingólfssdóttir

F.h. AFLs Starfsgreinafélags

Háðar Þorðugúst Þorláksson

F.h. Félags skipstjórnarmanna

Ómi Ómarsen

F.h. VM – Félags vélstjóra og málmtæknimanna,

Gunn-Rétt Þórmannsson